



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. febrúar 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets hf. (ýmsar breytingar), 115. mál.

Samtökin þakka fyrir tækifæri til að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp. Athugasemdir eru í tveimur liðum annars vegar varðandi eignarhald Landsnets sem fjallað er um í II. kafla frumvarpsins og hins vegar er vakin athygli á nokkrum atriðum sem Samtökin telja brýnt að endurskoða í raforkulögum.

Athugasemd við II. kafla frumvarpsins – eignarhald Landsnets

Samtökin gera athugasemd við II. kafla frumvarpsins sem fellir úr gildi 3. gr. laga um stofnun Landsnets. Greinin er svohljóðandi í núgildandi lögum:

3. gr. Ríkissjóður Íslands er eigandi alls hlutfjár í Landsneti hf. við stofnun þess. Ráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landsneti hf. Stjórn Landsnets hf. skal skipuð þremur mönnum sem ráðherra fær til starfans án tilnefningar.

Verði frumvarpið að lögum og greinin fellur út þá gildir áfram 8. gr. raforkulaga :

8. gr. [...] Flutningsfyrirtækið skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila

Samtökin telja að hér sé um stefnubreytingu að ræða varðandi eignarhald á Landsneti. Eignarhald Landsnets og hagsmunatengsl eigenda og stjórnarmanna við helstu viðskiptavini fyrirtækisins hefur áhrif á aðra viðskiptavini fyrirtækisins og stendur í vegi fyrir virkri og heilbrigðri samkeppni. Slíkt varðar alla raforkunotendur landsins; almenning, atvinnulíf og opinbera aðila. Ekki er fjallað um þetta atriði í greinargerð, eingöngu seinni setningu greinarinnar þar sem fjallað er um fjölda stjórnarmanna Landsnets. Samtökin telja að ekki verið hjá því komist að Alþingi fjalli um áhrif þess að fella út fyrstu málsgrein 3. gr. um eignarhald Landsnets.

Eignarhald Landsnets var í árslok 2016, skv. ársskýrslu; Landsvirkjun (64,73%), Rarik (22,51%), Orkuveita Reykjavíkur (6,78%) og Orkubú Vestfjarða (5,98%). Fjöldi aðila hafa bent á vanda sem skapast við það að eigendur Landsnets séu jafnframt meðal þeirra stærstu viðskiptavina. Hætt er við því að skörun eignarhalds á seljendahlíð og viðskiptahagsmuna á kaupendahlíð skapi freistnivanda sem ívilnar stærri viðskiptavinum á kostnað annarra.

Á þetta hefur verið bent m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2015¹ þar sem sagt er að tryggja þurfi skýran aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi og segir í skýrslunni

¹ https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/03/Landsnet_skyrsla2.pdf



Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að taka þurfi af öll tvímæli um sjálfstæði Landsnets gagnvart framleiðendum, stórnotendum og dreifiveitum raforku til að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins og almennings. Auk þess er til mikils að vinna að almenningur og raforkukaupendur hafi fulla tiltrú á sjálfstæði fyrirtækisins. Afdráttarlaus og ótvíræð aðgreining náttúrulegrar einokunarstarfsemi og samkeppnisstarfsemi er ein helsta forsenda þess að markmið raforkulaga um farsæla og ábatasama markaðsvæðingu raforkukerfisins náist. Að mati Ríkisendurskoðunar er núverandi eignarhald fyrirtækisins því markmiði ekki til framdráttar.

Sama niðurstaða kemur fram í skýrslu nefndar á vegum Iðnaðarráðherra sem var falið að kanna möguleika á breytingum á eignarhaldi Landsnets í mars 2015.² Nokkrir erlendir aðilar, sem skoðað hafa þá íslenskan raforkumarkað hafa komist að sömu niðurstöðu þ.e. að hagsmunatengsl í eigendahóp Landsnets séu óheppileg. Má þar nefna skýrslu Copenhagen Economics³ frá mars 2017 og skýrslu Lars Christensen sem kom út í júní 2016⁴.

Varðandi önnur atriði orkulaga

Samtökin hafa ítrekað lagt til við ráðherra að endurskoðuð verði ákvæði laganna varðandi tekjumörk fyrir flutning og dreifingu á raforku og hvetja Alþingi til að endurskoða 12. og 17. gr. raforkulaga.

Gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu á raforku byggir á ákvæðum raforkulaga um tekjumörk. Grunnurinn er að tekjumörk eru byggð á kostnaði við flutning á raforku. Kostnaðurinn er ákveðinn út frá rekstrarkostnaði, afskriftum og arðsemiskröfu á bókfærðu virði eignagrunns. Arðsemin er ákveðin út frá vegnum fjármagnskostnaði (e. WACC). Samtökin hafa m.a. bent á að aðferðafræðin við mat á vegnum fjármagnskostnaði sé ógagnsæ og að mat á kostnaði skulda og eign fjár sé ekki í samræmi við mat margra markaðsaðila.

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár gagnrýnt harðlega núverandi fyrirkomulag og óskað eftir að tekið verði upp gagnsætt ferli við mat á vegnum fjármagnskostnaði sem tekur mið af mati markaðar í meiri mæli.

Verðþróun flutningstapa

Samtökin vilja benda á verðþróun flutningstapa en verð á flutningstöpum hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2013, langt umfram almenna verðlagsþróun. Ekkert lát virðist vera á hækkunum en verðþróun flutningstapa hefur ekki verið í samræmi við aðra liði í gjaldskrá Landsnets. Verð á orkugjaldi, afgjaldi og afhendingargjaldi lækkaði lítillega frá 2013 til 2018 meðan verð fyrir flutningstöp jókst um hartnær 110%. Gjaldskrá vegna flutningstapa endurspeglar hverju sinni það verð sem Landsnet greiðir fyrir flutningstöp í kerfinu. Margt bendir til að álagning tilboðshafa á flutningstöp hafi aukist á þessum tíma og endurspeglar það m.a. fákeppni á útboðsmarkaði. Hætt er þá við að smæð markaðarins geti af sér samráð tilboðsaðila í verðlagningu og/eða magni. Almennungur og fyrirtæki landsins bera hallann af slíku.

Gjaldskrá Landsnets fyrir flutning raforku er háður reglun af ýmsu tagi enda markaðurinn í eðli sínu náttúrulegur einokunarmarkaður. Þannig hefur verið unnt að ljá markaðinn suma

² <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/150505-Greinargerð-Eignarhald-Landsnets.pdf>

³ <https://www.landsvirkjun.is/Media/copenhagen-economics-2017-lokaeintak.pdf>

⁴ <http://www.si.is/media/orku-og-umhverfismal/Iceland-Energy-2030.pdf>



eiginleika samkeppnismarkaðar í verðlagningu og kostnaðarlágmörkun. Samtök iðnaðarins fagna allri viðleitni í þágu heilbrigðrar samkeppni og telja fulla ástæðu til að farið sé ofan í saumana á verðlagningu flutningstapa með sömu sjónarmið að leiðarljósi. Er það öllu samfélaginu til hagsbóta.

Að öðru leyti vilja Samtök iðnaðarins benda á eftirfarandi þætti sem mikilvægt er að skoða nánar:

- Framleiðslu raforku úr afgangsvarma. Mikilvægt er að greiða leið fyrirtækja til að draga úr sóun og nýta betur afgangsvarma sem fellur til framleiðslu þeirra.
- Auka samkeppni á smásöllumarkaði.
- Endurskoða framkvæmd og lög um upprunaábyrgðir.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Bryndís Skúladóttir', written in a cursive style.

Bryndís Skúladóttir
forstöðumaður framleiðslusviðs